


Katrin Heymann	þverflauta
Tobias Helmer	píanó
Vigdís Másdóttir	fiðla og víóla
Össur Ingi Jónsson	óbó og englahorn



Listasafn Sigurjóns Ólafssonar
Þriðjudaginn 8. ágúst 2023 kl. 20:30

Katrin Heymann lærði á þverflautu við Akademie der Künste í Detmold Þýskalandi hjá Michael Achilles prófessor og síðar hjá Wolfgang Siggemann prófessor við Hochschule der Künste í Berlín. Þar bjó hún um skeið sem sjálfstætt starfandi flautuleikari, lék með kammersveitum og tók þátt í keppnum og hljóm-sveitarverkefnum. Árið 2005 flutti Katrin til Brighton í Bretlandi, þar sem hún hélt áfram starfsferli sínum sem flautuleikari. Árið 2019, í kjölfar Brexit, flutti Katrin með fjölskyldu sinni til Íslands.

Katrin starfar sem flautuleikari, kennir við Tónlistarskóla Grafarvogs og spilar reglulega sem leiðari í Sinfóníuhljómsveit Norðurlands. Hún hefur komið fram í tónleikaröðunum *Á ljúfum nótum*, *Fimmtudagstónleikar í Dómkirkjunni, 15:15* og tónleikaröð FÍT: *Klassík við Sundin*.

Tobias Helmer útskrifaðist 1998 frá Hochschule für Musik í Mainz, Þýskalandi, með gráðu í óbó- og píanóleik. Kennarar hans voru Bernhard Schnieder og Liviu Varcol á óbó og Karin Germer prófessor og Ulrich Börner á píanó. Á árunum 1994 til 2000 kenndi Tobias á óbó og píanó í Mainz, hann var meðlimur í tónlistarhópnum *Chantal* og *Tktsss!* þar sem hann lék á óbó og enskt horn, og kom fram á tónleikum með margs konar samspilshópum.

Árið 2004 flutti Tobias til Íslands og hefur síðan þá verið virkur í íslensku tónlistarlífi, meðal annars sem lausráðinn óbóleikari hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands, Sinfóníuhljómsveit Norðurlands og hljómsveit íslensku óperunnar. Á árunum 2011 til 2013 nam hann djasspíanóleik hjá Agnari Þór og Vigni Má í Tónlistarskóla FÍH. Nýlega hefur Tobias tekið þátt í verkefni með tónlistarhópnum *Elju* og síðastliðið haust kom hann fram á tónleikum tónleikaraðarinnar *15:15* í Breiðholtskirkju og var þar frumflutt verk eftir hann. Hann hefur lagt stund á tónsmíðar og hefur samið fjölmörg verk, þar á meðal fyrir kvikmyndir. Nú kennir hann óbó- og píanóleik við Tónlistarskóla Mosfellsbæjar.

Efnisskrá

Ruth Gipps 1921–1999	<i>Sea-Weed Song</i> ópus 12c	fyrir englahorn og píanó	
Gustav Holst 1874–1934	<i>Terzetto</i> <i>I Allegretto</i> <i>II Un poco vivace</i>	fyrir flautu, óbó og víólu	1925
Isang Yun 1917–1995	<i>Invention</i> <i>I Trillen</i>	fyrir flautu og óbó	1983
Edison Denisov 1929–1996	<i>Duo</i>	fyrir flautu og víólu	1989
Joseph Haydn 1732–1809	<i>Dúett í C dúr</i> <i>I Allegro</i>	í útsetningu Pierre Pierlot fyrir flautu og óbó	
Tobias Helmer f. 1971	<i>Bird</i>	fyrir fiðlu og píanó – frumflutningur –	2022
Isang Yun	<i>Invention</i> <i>III Vorschläge</i> <i>IV Harmonie</i>	fyrir flautu og óbó	1983
Joseph Haydn	<i>Dúett í C dúr</i> <i>II Andante con variazioni</i> <i>III Presto</i>	í útsetningu Pierre Pierlot fyrir flautu og óbó	
Tobias Helmer	<i>Joyland</i>	fyrir flautu, óbó, víólu og píanó – frumflutningur –	2022

Vigdís Másdóttir lauk fiðlukennara- og burtfararprófi á víólu frá Tónlistarskólanum í Reykjavík árið 1993. Þá fór hún í framhaldsnám í víóluleik til Þýskalands, var fyrst í einkatímum hjá Hartmut Rhode í Berlín en lauk hljómsveitardiplómnámi frá tónlistarháskólanum í Mainz árið 1998. Hún starfaði sem hljóðfæraleikari og kennari í Þýskalandi uns hún flutti heim til Íslands árið 2003. Síðan þá hefur Vigdís unnið hér sem kennari og kennt bæði á hefðbundinn hátt og með Suzuki aðferð. Hún hefur verið lausráðin víóluleikari hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands og leikið reglulega með Sinfóníuhljómsveit Norðurlands. Hún er meðlimur í *Spiccato* og *Íslenskum Strengjum* og kemur ýmist fram sem fiðlu- eða víóluleikari.

Össur Ingi Jónsson lærði á óbó í hjá Eydísi Franzdóttur, Kristjáni Stephensen og síðar hjá Ernest Rombout við Hogeschool voor de Kunsten Utrecht í Hollandi. Frá árinu 2012 hefur Össur starfað sjálfstætt sem óbóleikari á Íslandi, samhliða námi og starfi við forritun og fram til 2017 kenndi hann einnig við Skólahljómsveit Austurbæjar. Össur hefur spilað í ýmsum hljómsveitum og unnið að hljómsveitarverkefnum. Hann hefur leikið með Kammersveitinni *Elju* síðan 2018 og sem lausamaður í öðrum sveitum, þar á meðal Sinfóníuhljómsveit Íslands og sinfóníuhljómsveitum Norðurlands og Suðurlands. Hann lék einleik við frumflutning á *Englahornskonsert* Eiríks Árna Sigtryggssonar og hefur komið fram á ýmsum kammer-tónleikum og má þar nefna tónleikaraðir Fríkirkjunnar, Dómkirkjunnar, 15:15 og tónleikaröð FÍT: *Klassík við Sundin*.

*Kaffistofa safnsins er opin eftir tónleikana
The Museum café is open after the concert
Tónlistarsjóður styrkir Sumartónleika LSÓ*